

**Ed.**

**248. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita lögfræðikandidat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita lögfræðikandidat Jóni Emil Ólafssyni embætti á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Greinargerð.**

Lögfræðingur sá, er ræðir um í frv. þessu, hefir sent nefndinni beiðni um að flytja frv. til laga um það, að honum veitist samskonar réttur til embætta á Íslandi eins og hann hefði lokið lagaprófi við Háskóla Íslands. Fylgja þessari beiðni hans ýms meðmæli og skírteini, m. a. umsögn lagadeildar háskólans. Eftir að hafa athugað þessi skjöl, fellst nefndin á, að rétt sé að verða við beiðni umsækjanda, og flytur því frv. þetta.